

Mættir: Björn Sigurðsson formaður, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Elsa María Guðmundsdóttir, Hörður Oddfríðarson ritari, Leifur Guðni Grétarsson, Oddur Örnólfsson, Eyleifur Jóhannesson yfirmaður landsliða, Emil Örn Harðarson móta og miðlunarstjóri og Hilmar Örn Jónasson,

Afboða, mæta ekki : Hrafnhildur Lúthersdóttir, Júlía Þorvaldsdóttir varaformaður og Viktoría Gísladóttir gjaldkeri

Fundur 17.12.2020 settur kl. 18.00. Fundurinn var fjarfundur

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt

2. Mót og starfsemi

- a. Eftir að allt íþróttastarf féll niður á landinu þann 30. október þá kom að því þann 17. nóvember að þeir sem fæddir eru 2005 og fyrr fengu loks að hefja æfingar á ný. Þeir sem fæddir eru 2004 og síðar þurftu að bíða lengur.
- b. SSÍ tókst að fá undanþágubeiðni í gegnum Heilbrigðisráðuneyti til að halda uppi landsliðsæfingum fyrir úrvalshóp sem skipaður er 9 sundmönnum. Æfingar þessar stóðu yfir, í Laugardalslaug, frá 21. nóv til 10. Des, yfirmaður landsliða Eyleifur Jóhannesson stýrði æfingunum.
- c. Þann 10. desember kom tilkynning frá yfirvöldum að allir þeir sem fæddir eru 2004 og síðar gæti hafið æfingar á ný og miðað skyldi við efstu deild. SSÍ hefur fengið það staðfest að öll sundfélög landsins teljist til efstu deildar og eru æfingar hafnar. Enn er keppnisbann fyrir alla aldursflokka til 12. Janúar 2021.
- d. Margar fyrirspurnir hafa borist vegna tímatöku á æfingum. SSÍ hefur sent tilkynningu til aðildarfélaga sinna að hægt er að vera með tímatöku á æfingum að ákveðnum skilyrðum uppfylltum en ekki er heimilt að staðfesta Íslandsmet við þessar aðstæður.
- e. Farið var yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 sem send hefur verið til ÍSÍ. Búist er við að SSÍ, ásamt flestum öðrum sérsamböndum, þurfi að „skila“ til baka peningum vegna mótahalds erlendis sem ekki voru haldin. Vonast er til að fá þá peninga til baka vegna aukins álags í mótahaldi á næsta ári.
- f. Haldin var formannafundur þann 26. nóvember síðastliðinn. Á fundinum hélt formaður stutta tölu um það sem hefur verið að gerast í starfinu á þessu ári, Eyleifur Jóhannesson yfirmaður landsliðsmála hélt fyrirlestur um afreksmálin og Jóhann Ingi Gunnarsson hélt hvatningu á óvissutímum. Stjórn SSÍ samþykkti fyrir fundinn að veita aðildarfélögum 50% afslátt á þjónustugjöldum fyrir seinni hluta 2020 gegn því að gert væri upp fyrir eindaga.
- g. Nokkur félög skulda ennþá þjónustugjöld vegna fyrri tímabila. Samþykkt var á fundinum að skorað verði á þessi félög að gera hreint fyrir sínum dyrum hið fyrsta að öðrum kosti verður farið í tilhlýðandi aðgeðir.
- h. Stjórn SSÍ hefur samþykkt nýjar starfsreglur stjórnar. Þessar starfsreglur eru aðgengilegar inn á heimasíðu SSÍ undir liðnum lög og reglur.

3. Afreksmál

- Eyleifur Jóhannesson fór yfir vinnuskjal fyrir afreksstefnu þar sem farið var m.a yfir gildi sundhreyfingarinnar. Hann fór einnig yfir vinnuskjal sem hann er að gera ásamt Ragnari Guðmundssyni um áherslur í þjálfun.
- Í ljósi ástandsins þá er æfingadagar landsliða okkar í sífeldri endurskoðun en stefnan er sett á æfingadaga, sem frestað var í september, 15-16. Janúar 2021 í Reykjanesbæ.
- Valin hafa verið sundmaður og sundkona ársins. Sundmaður ársins árið 2020 er Anton Sveinn McKee og sundkona ársins er Snæfríður Sól Jórunnardóttir. Þau eru bæði stódd erlendis. Send verður út fréttatilkynning og þeim sendar viðurkenningar.

4. Fundargerðir nefnda

- Engar fundargerðir lágu fyrir fundinum.

5. Félagaskipti

- Engin félagaskipti lágu fyrir fundinum.

6. Staðfesting meta

25m laug

Karlar

Grein:	Nafn :	Félag	Tími	Dags:	Staður
200m skriðsund	Snæfríður Sól Jórunnardóttir	Álaborg	01:57.42	16.12.2020	Danmörk
200m skriðsund	Snæfríður Sól Jórunnardóttir	Álaborg	01:56.51	16.12.2020	Danmörk

Staðfest

7. Aðsend bréf

Dags	Efni	Sendandi
a. 16.11.2020	Myndræn tölfraði	ÍSÍ
b. 24.11.2020	FINA RULES IN COMPLIANCE WITH THE 2021 ANTI-DOPING	ÍSÍ
c. 01.12. 2020	Tölulegar upplýsingar Golfsambandið	GSÍ
d. 03.12.2020	FINA Masters Top Ten Tabulations 2020	FINA
e. 03.12.2020	Report from LEN bureau	LEN/pia
f. 09.12.2020	Opið fyrir umsóknir í ferðasjóð	ÍSÍ

8. Önnur mál:

- Opnað hefur verið fyrir umsóknir í ferðasjóð ÍSÍ og hefur tilkynning þess efnis verið send til félaganna.
- Skrifað hefur verið undir nýjan samning við Speedo / Nike.
- Hörður Oddfríðarson fór í heimsókn í sundlaugina á Akureyri og var þeim til ráðgjafar um endurnýjun á búnaði til keppnishalds.

- d. Hörður Oddfríðarson ritari stjórnar SSÍ hefur verið skipaður formaður Masters (Garpa) nefndarinnar innan LEN (evrópska sundsambandsins). Þetta er mikill heiður fyrir Hörð og hans störf í gegnum árin. Í ljósi þessarar stöðu telur Hörður mikla möguleika á uppbygginu garpastarfs innan hreyfingarinnar hér á landi.
- e. Við hjá SSÍ erum líka stolt af því að tilkynna eftirtaldir dómarar hafa verið valdir á alþjóða dómaraalista FINA:
- Björn Valdimarsson
 - Magnús Steinarsson
 - Sarah Buckley
 - Sigrún Guðmundsdóttir
 - Ragnheiður Björnsdóttir.

Fundi slitið kl. 19:00